

Desember 2018

Kæru foreldrar/forráðamenn.

Í nokkur ár hafa 4 ára skoðanir verið framkvæmdar á leikskólunum af hjúkrunarfræðingum ungbarnaverndar og svo hafa börnin einnig komið á heilsugæsluna í mælingar og bólusetningu.

Frá og með næstu áramótum verður breyting á þessu, þannig að þessi skoðun verður eingöngu gerð á heilsugæslunni og þá allt gert í sömu komu. Ýmsar ástæður eru fyrir þessu en fyrst og fremst verður þetta tímasparnaður fyrir okkur. Við byrjum á þessu með börn fædd árið 2015.

Við biðjum ykkur því að panta sjálf tíma á næsta ári, í 4 ára skoðunina, hjá ritara ungbarnaverndar í síma 4324605 virka daga kl 10-12.

Gott samstarf hefur verið á milli kennara leikskólanna og hjúkrunarfræðinga heilsugæslunnar og við viljum halda því áfram. Þess vegna biðjum við ykkur að koma með útfyllt eyðublað frá kennurum barnsins í skoðunina og síðan fá kennarar umsögn okkar til baka. Þetta er auðvitað gert með ykkar samþykki.

Þetta eyðublað þurfið þið að prenta út af heimasíðu HSN eða fá hjá kennurum barnsins.

<https://www.hsn.is/static/files/Akureyri/4-ara-skodun-leikskola-og-hg-2018.pdf>

Virðingarfyllt

---

Hrafnhildur Ævarsdóttir

Deildarstjóri ungbarnaverndar Akureyri